

STARFSLEYFI

Fiskimjölsverksmiðja

Síldarvinnslan hf.

Naustahvammi 67-69, Neskaupstað (Fjarðabyggð)

Lögheimili:

Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstað

Kt.: 570269-7479

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. í Neskaupstað. Síldarvinnslan hf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um til Umhverfisstofnunar að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin leyfi.

Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og öðrum fiskafurðum, sem ætlaðar er til vinnslu og endurvinnslu í verksmiðjunni. Verksmiðjunni er einnig heimil loðnuflokkun og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu.

Heimilt er að reka fiskimjölsverksmiðju með tveimur vinnslulínunum á athafnasvæðinu með heildarafköst allt að 2.380 tonnum af hráefni á sólarhring. Einnig er heimilt að reka litla tilraunavinnslu eingöngu vegna rannsóknaverkefna, sem tengd er sömu mengunarmorðum og önnur vinnsla rekstraraðila, með afkastagetu undir 10 tonnum/sólarhring. Starfsleyfi þetta gildir ekki um aðra vinnslu fiskafurða eða rekstur vélaverkstæðis.

Geymsla er heimil í fjórum lýsisgeymum að Naustahvammi 57, þar af 2.900 m³ í stærsta geymi, alls 7.100 m³.

Einnig er heimil geymsla í daggeymi fyrir brennsluolíu á verksmiðjulóð og löndunarvökva, löndunarvatni, blóðvatni og lýsi eftir þörfum í minni geymum í verksmiðju og löndunarhúsi. Í þessum tilvikum er miðað við að geymar séu ekki stærri en 100 m³.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði I. viðauka reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð og mati á gögnum sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á grundvelli eftirlitsáætlana sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018, þar með talið viðmiðunum um möguleg og raunveruleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, skrá yfir hvernig starfsleyfisskilyrðum er fylgt og þátttöku í vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi.

Fyrirvaralaust eða annað óvenjubundið eftirlit skal fara fram til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum, þar sem reglum er ekki fylgt, eins fljótt og auðið er og eftir því sem við á, fyrir veitingu, endurskoðun eða uppfærslu leyfis. Eftir hverja vettvangsheimsókn skal eftirlitsaðili taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemin sé í samræmi við starfsleyfisskilyrðin og niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun vegna rekstrarstöðvunar til staðar til þess að úrgangi, efnaafgöngum, óunnu hráefni, afurðum, húsnæði, tækjum og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt og um annan frágang. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila þegar ákvörðun liggur fyrir þannig að taka megí út frágang. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur frá því sem búast má við, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlunina. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur.

Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.

Hvort sem rekstur stöðvast varanlega eða vegna tilfallandi vinnslustöðvunar skal alltaf lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni eða kyrrstætt fráveituvatn. Þar sem um er að ræða árstíðabundna starfsemi skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila hvenær vertíð hefst og hvenær henni lýkur.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoðna skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoðna starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningarskylt er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind er í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðakröfum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal tryggja gæði hráefnis eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum sem miða að því að halda mengun lofts og lagar í lágmarki. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Rekstraraðili skal vera með umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila (sjá gr. 2.5) er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

2.3 Aðstaða til mælinga

Tryggja skal við hönnun mannvirkja að góð aðstaða sé til mælinga og eftirlits með losun samkvæmt starfsleyfi þessu og til að sinna þeim mæliáætlunum sem starfsleyfið kveður á um.

2.4 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í starfsstöðinni. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyrar starfsemi og fiskúrgang skal fjarlægja af lóð þegar í stað. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Áætlanir skulu vera til staðar um vinnubrögð og þjálfun starfsmanna til að takmarka lykt, t.d. með góðri umgengni og þrífum.

Takmarka skal aðgang óviðkomandi að vinnusvæði.

2.5 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Rekstraraðili getur tekið þátt í t.d. ÍST EN ISO 14001, eða í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins eða öðru kerfi sem uppfyllir eðli málsins samkvæmt kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi.

Umhverfisstjórnunarkerfið skal m.a. fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfisvöktun. Þá skal umhverfisstjórnunarkerfið fjalla ítarlega um hvernig lágmarka skal lyktarmengun frá starfsemi.

Rekstraraðili skal starfrækja orkustjórnunarkerfi eða vera með skýrt verklag um orkunotkun innan umhverfisstjórnunarkerfisins.

2.6 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbrögð skulu taka mið af snjóflóðahættu á staðnum.

Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila. Endurskoða skal viðbragðsáætlun a.m.k. á fjögurra ára fresti.

2.7 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Fara skal að viðbragðsáætlun sbr. gr. 2.6 ef við á og hætta er á mengun hafs og stranda. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skal gera nauðsynlegar lagfæringar. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig.

2.8 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er (á netfangið ust@ust.is). Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að óhöpp eða slys sem orðið hafa endurtaki sig og skal eftirlitsaðili vera upplýstur um þær ráðstafanir.

2.9 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að jafnvirði 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004.

2.10 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari losunarmælingar og/eða vöktunarmælingar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færast á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir).

Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í "Reference Document on Best Available Techniques in the Slaughterhouses and Animal By-products Industries, May 2005". Útgefandi starfsleyfis vísar til viðmiða sem fram koma fram í kafla 5.1.1 í þessu skjali.

Rekstraraðili skal sjá til þess að starfsemin sé ávallt í samræmi við bestu aðgengilegu tækni (BREF).

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við innleiðingarákvæði BAT-niðurstaðna í reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun.

Ef gefnar verða út BAT-niðurstöður á gildistíma starfsleyfisins skal rekstraraðili skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar um hvaða valkostir séu til staðar fyrir bestu aðgengilegu tækni og eigi síðar en ári fyrir gildistöku BAT-niðurstaðna fyrir starfandi rekstur. Ef rekstraraðili breytir síðar um valkost um bestu aðgengilegu tækni þá skal hann upplýsa eftirlitsaðila um þær breytingar og hvernig þær samræmast BAT-niðurstöðum.

HRÁEFNI OG ELDSNEYTI

3.2 Löndun

Löndunarbúnaður skal vera þéttur. Allt löndunarvatn og vatn frá grófskolun lesta skal tekið til vinnslu í verksmiðju eða meðhöndlað í hreinsibúnaði í samræmi við gr. 3.15.

3.3 Uppsjávarfiskur

Magn reikulla basa í hráefni (TVN-gildi), sem tekið er til vinnslu í verksmiðju skal ekki fara upp fyrir 100 mg N/100 g. Ef TVN gildi fer yfir 100 mg N/100 g, skal tilkynna það Umhverfisstofnun sbr. gr. 3.09.

Rekstraraðili skal gera kröfur um að afli sem kemur til vinnslu sé ísaður, kældur eða rotvarinn, eftir því sem unnt er, til að tryggja ferskt hráefni. Sé ekki hægt að koma því við skal rotverja eða ísa afla við löndun. Þetta gildir þó ekki um afla á vetrarvertíð sem unnin er innan þriggja sólarhringa frá veiðum.

3.4 Afskurður og fráflokkaður fiskur/aukaafurðir

Afskurður og fráflokkaður fiskur/aukaafurðir skulu teknar til vinnslu svo fljótt sem kostur er. Hráefnið skal rotvarið, ísað eða kælt í eftirfarandi tilfellum:

- Ef það er flutt frá fiskvinnslustöð þegar meira en sólarhringur er liðinn frá því að það fellur til.
- Ef líkur eru á að vinnsla aflans í verksmiðju dragist meira en þrjú sólarhringa.

Afskurð og fráflokkaðan fisk/aukaafurðir skal vinna jafnóðum og hann berst ef vinnsla á fiski er í gangi. Verksmiðjan skal vinna hráefnið innan sjö daga frá móttöku sé þess nokkur kostur.

3.5 Flutningstæki og hráefnismóttaka

Rekstraraðili, eða verktaki á hans vegum, skal annast flutninga á hráefni frá fiskvinnslustöðvum þ.e. afskurði og fráflokkuðum fiski/aukaafurðum. Þó er heimilt að taka á móti afskurði og fráflokkuðum fiski/aukaafurðum frá fisksölum og fiskvinnslum sem staðsettar eru nálægt verksmiðju, enda uppfylli hráefnið mörk fyrir TVN gildi. Tæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og yfirbyggð eða með yfirbreiðslum. Gámar og ker sem notuð eru til geymslu og flutnings á hráefnum skulu vera lokuð og þétt.

Hráefnismóttaka og flutningstæki skulu vandlega þrifuð strax að notkun lokinni og skal vera aðstaða til þess á lóð verksmiðjunnar. Frárennsli frá þvottaaðstöðu skal hreinsað með hreinsibúnaði, t.d. sand- og fitugildru.

3.6 Hráefnisgeymslur

Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum geymslum eða lokuðum geymum. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökví frá hráefni tekinn til vinnslu í verksmiðju eða meðhöndlað í

hreinsibúnaði í samræmi við gr. 3.15. Þetta á einnig við um vatn frá fyrstu skolun og skal halda því í lágmarki t.d. með háþrýstidælum.

Tæming hráefnisgeymsla skal vera sjálfvirk eftir því sem frekast verður við komið. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal skola hana með köldu vatni. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu. Akstur á óþrifnum moksturstækjum utan geymslusvæðisins er óheimill.

3.7 Blóðvatnsgeymar

Til staðar skulu vera geymar sem rúma allan vökva sem til fellur við löndun, hreinsun lesta og hráefnisgeymsla. Gera skal ráðstafanir til að vökvi úr yfirföllum geyma fari í gegnum sérstakan hreinsibúnað eða í gegnum fitugildru áður en hann berst til sjávar.

3.8 Rot- og þráavörn

Rot- og þráavarnarefni skulu vera jafndreifð og leitast skal við að nota sjálfvirkan skömmtunarbúnað.

LOFT

3.9 Loftmengun

Halda skal loftmengun í lágmarki með því að vinna ferskt hráefni og með búnaði sem eyðir mengandi efnum úr útblæstri.

Uppfylli hráefnið ekki kröfur sem gerðar eru til TVN gildis í gr. 3.3 skal rekstraraðili meta veðurfar, sérstaklega vindstyrk og stefnu og forðast vinnslu þegar vindátt er að byggð. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um slík tilvik eins fljótt og mögulegt er.

Losun frá olíubrennurum:

Fyrir losun í útblæstri frá olíubrennara gilda eftirfarandi mörk ef hlutfall notkunar olíubrennara er yfir 3% af orkunotkun verksmiðjunnar:

Efnispáttur	Losunarmörk mg/Nm ^{3*}	Tímabil meðaltals
Ryk	100	1 sólarhringur

*Gildir fyrir 9% súrefnisinnihald (O₂) af rúmmáli.

3.10 Loftræsting frá tækjum og húsnæði

Afsog skal vera frá öllum tækjum í blautvinnslu svo sem sjóðurum, pressum, sniglum, tönkum og skilvindum. Loftræsta skal frá tækjum í mjölvinnslu svo sem mjölkvörn og mjölkæli og loftið tekið í gegnum hreinsibúnað. Loftræstingu frá tækjum skal hanna á þann hátt, að sem minnst af ómenguðu lofti sé dregið með, þó þannig að það sé undirþrýstingur á húsinu. Leita skal markvisst leiða til að halda stöðugum undirþrýstingi á húsinu við vinnslu. Ræstiloftið skal flutt til lyktareyðingar. Loft sem notað er til kælingar á mjöli skal rykhreinsað. Afsog frá öðrum tækjum til meðhöndlunar á mjöli skal einnig rykhreinsað.

3.11 Útblástursloft og hreinsun

Loft frá gufupurrkurum skal endurnýta, t.d. með því að leiða það í gegnum glatvarmataeki, og eyða í því lykt. Loft frá loftpurrkurum skal leiða í gegnum rykhreinsibúnað t.d. sýklóna og síðan til lyktareyðingar. Hreinsa skal allt útblástursloft frá gufupurrkara og afsogsloft frá vinnsluferlum. Kæla skal loftið vel, til dæmis með

sjó í sjóturni og eyða lykt í efnurni með klórefnum eða með annarri jafn virkri aðferð svo sem brennslu í brunahólfi við 800°C í a.m.k. 1/3 sek.

3.12 Skorsteinn

Að lokinni eyðingu lyktar skal leiða útblástursloft út í gegnum skorstein sem er ekki lægri en ein og hálf húshæð miðað við gólfhlöt verksmiðjuhúss og nærliggjandi húsa og í nægilegri hæð til að ekki sé stuðlað að niðurdrætti. Hraði útblásturslofts skal ekki vera minni en 20 m/s ($\pm 10\%$) til þess að koma í veg fyrir niðurdrátt. Umhverfisstofnun getur samþykkt lægri lofthraða, með hliðsjón af hæð og hönnun skorsteins. Í því tilviki þarf rekstraraðili að leita til fagaðila til að reikna út mögulegt loftdreifilíkan og rökstyðja með þeim hætti að minni lofthraði í strompi hafi ekki aukin umhverfisáhrif.

VATN

3.13 Soðeimingartæki

Soðeimingartæki skulu ekki leka. Allt soðvatn skal nýta.

3.14 Hreinsivökvi

Pegar notuð eru ætandi efni, svo sem vítissódi og saltpéturssýra, til hreinsunar á tækjabúnaði t.d. soðkjarnatækjum og skilvindum, skal hreinsivökvanum dælt í geymi og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar honum er veitt til sjávar, skal sýrustigið (pH) vera innan þeirra marka sem fráveitan er gerð fyrir.

3.15 Hreinsun frárennslis frá vinnslu

Frárennslis frá löndunarbúnaði, hráefnisgeymslum og vinnslu skal meðhöndla í hreinsibúnaði áður en því er veitt til sjávar. Búnaðurinn skal vera sjálfhreinsandi og skal endurvinnna fitu og föst efni. Eftir uppsetningu hreinsibúnaðar skal mæla fitu, svifefni og COD í frárennslis hans til að staðfesta virkni.

Annað frárennslis verksmiðjunnar sem ekki er leitt í hreinsibúnað skal leiða í fitugildru áður en því er veitt til sjávar. Þetta á við um frárennslis frá gólfum, plönnum og frá þrifum. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur.

Frárennslis skal uppfylla skilyrðin sem fram koma í gr. 3.16. Ef losun er yfir þeim mörkum sem fram koma þar getur Umhverfisstofnun krafist frekari hreinsunar á frárennslis.

Stærð og gerð hreinsibúnaðar er háð samþykki Umhverfisstofnunar sem skal líta til afkastagetu búnaðarins. Verði breytingar á frárennslis, magni, innihaldi eða fjölda tenginga, skal tryggja að hreinsibúnaðurinn anní álaginu. Fráveitulagnir skulu vera í samræmi við kröfur 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

3.16 Losunarmörk á frárennslis

Eftirfarandi losunarmörk og tímamörk gilda fyrir frárennslisvatn:

Efnisþáttur	Losunarmörk	Tímabil meðaltals
Fita (oil & grease)	100 mg/l	1 sólarhringur
Svifefni	300 g/t hráefnis*	1 sólarhringur
COD (efnafræðileg súrefnisþörf)	1,5 kg/t hráefnis*	1 sólarhringur

* Miðað við heildarlosun frá verksmiðjunni, en heimilt er að draga frá magn þessara efna í sjó sem tekinn er inn í fráveitu.

3.17 Annað frárennsli

Frárennsli frá snyrtingum skal leiða í almenningsfráveitu. Þar sem það er ekki framkvæmanlegt skal hreinsa frárennsli í hreinsunarbúnaði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

ÚRGANGUR

3.18 Almennt

Stuðlað skal að endurnýtingu og draga skipulega úr myndun úrgangs. Úrgangi skal komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Skila skal spilliefnum til viðurkenndrar móttöku sbr. reglugerð nr. 806/1999, um spilliefni.

ANNAÐ

3.19 Hávaði

Rekstraraðili skal draga úr hávaða frá verksmiðjunni eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)LAeq á iðnaðarsvæði og 55 dB(A)LAeq í íbúðabyggð.

3.20 Olíu- og lýsisgeymar og lekavarnaþró

Meðferð olíu og lýsis skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Lýsisgeymarnir (Naustahvammi 57) skulu vera í lýsisheldri þró eða lekavörn. Fyrir einn geymi skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd geymis. Ef fleiri en einn geymir er í sömu lekavörn skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymis í lekavörninni að viðbættri rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar.

Á frárennsli þróar skal vera lokunarbúnaður af viðurkenndri gerð og hann þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski. Lokinn skal standa lokaður nema þegar þróin er tæmd.

3.21 Athafnasvæði

Allar akstursleiðir við verksmiðju og plön við verksmiðjudyr skulu lagðar bundnu olíu- og fituþolnu slitlagi.

3.22 Hreinlætisáætlun fyrir gólf verksmiðjuhúss og önnur svæði

Gólf í verksmiðjuhúsi og öðrum svæðum sem geta lyktað, skal haldið hreinum. Gera skal hreinlætisáætlun til að sporna gegn lykt í verksmiðjuhúsum og utan þeirra.

3.23 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Leyfisveitandi skal ávallt hafa aðgengileg öll öryggisblöð hreinsiefna (sápur og sótthreinsiefni) og annarra hættulegra efna sem notuð eru við reksturinn og skulu þau vera á íslensku.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaráhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.6.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

3.24 Loftslagsmál

Rekstraraðila ber að fylgjast með uppsettu heildarnafnvarmaafli¹ á olíubrennara.

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun framkvæmdir sem eru til þess fallnar að hækka eða lækka heildarnafnvarmaafli.

Rekstraraðili skal fylgjast með hvort hann falli undir gildissvið laga nr. 70/2012, um loftslagsmál.

4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði þ.e. lyktareyðingarbúnaði, fitugildru og öðrum hreinsibúnaði fyrir frárennsli.
- Tæmingu fitugildru ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar.
- Allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.
- Þjálfun og reynslu starfsfólks, sbr. gr. 2.4.
- Orkunotkun olíubrennara miðað við orkunotkun verksmiðjunnar, sbr. gr. 3.09. Sé því sleppt er gengið út frá því að notkun olíubrennara sé meiri en 3% af orkunotkun verksmiðjunnar.
- Notkun efna, sbr. gr. 3.23 þar með talin rotvarnarefni og efni notuð í efnaturni.
- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Framkvæmd hreinlætisáætlana, skv. gr. 3.22.
- Niðurstöður mælinga, skv. gr. 4.2.
- Uppfærslur á teikningum ef breytingar hafa orðið á mannvirkjum, t.d. lögnum.
- Uppsett heildarnafnvarmaafli á olíubrennara, skv. gr. 3.24.

¹ Í lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál eru sýndir útreikningar á heildarnafnvarmaafli í I. viðauka.
Síða 10 af 15

4.2 Eftirlitsmælingar

Gera skal eftirfarandi mælingar þegar verksmiðjan er í fullri vinnslu og skulu niðurstöður vera aðgengilegar og sendar eftirlitsaðila:

- Ástand landaðs hráefnis t.d. hitastig og TVN gildi.
- TVN-gildi og hitastig hráefnis sem tekið er til vinnslu skal mæla að lágmarki einu sinni á dag, á föstum fyrirfram ákveðnum tímum, t.d. í byrjun vakta og alltaf þegar skipt er um hráefnisgeymslu eða farm. Taka skal fleiri mælingar sama dag ef TVN gildið fer yfir 100 mg N/100 g. Mæliniðurstöður skulu ávallt vera aðgengilegar eftirlitsaðila og skulu niðurstöðurnar sendast eftirlitsaðila eftir hverja vertíð.
- Fitu, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar skal mæla árlega í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Mælt skal í frárennsli frá fitugildru og öðrum hreinsibúnaði og skal mælingin ná yfir einn sólarhring (meðalsýni) meðan vinnsla er í gangi og skal viðeigandi aðstaða fyrir sýnatöku vera til staðar. Einnig er heimilt að mæla fitu, svifefni og COD í sjó sem tekinn er inn í fráveitu og fá þannig út losun sbr. losunarmörk í gr. 3.16.
- Rekstraraðili getur látið mæla BOD í stað COD, kjósi hann svo, og skal þá skila útreiknuðu COD-gildi til eftirlitsaðila auk hins mælda gildis.
- Framkvæma skal rennismælingar í frárennsli á sama tíma og sýnataka fer fram.
- Eftirlitsaðili getur jafnframt farið fram á mælingar á sýrustigi við losun sýru og vítissóða í frárennsli telji hann ástæðu til.
- Mælingar á ryki sbr. gr. 3.09. Einnig skal mæla útblásturshraða. Mælinguna má fella niður ef hlutfall olíunotkunar er undir 3% af orkunotkun verksmiðjunnar.

Eigi síðar en í árslok 2021 skal mæla hávaða frá verksmiðjunni. Mælingin skal gerð þegar verksmiðjan er í fullri starfsemi og miðast við það hvort fylgt sé kröfum í gr. 3.19.

Umhverfisstofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að sýnatöku.

4.3 Kostnaður

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu auk vöktunar ef ástæða er til að halda að mengun umhverfis sé yfir mörkum sem gefin eru í starfsleyfi. Umhverfisstofnun getur krafist frekari mælinga ef þörf krefur. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

4.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Umhverfisstofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um umhverfisupplýsingar eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreinda samantekt.

4.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti. Eftirlitsmælingum í gr. 4.2 skal skilað með umhverfisupplýsingum í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald og reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Skila skal niðurstöðum umhverfisupplýsinga fyrir 1. maí ár hvert.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

5. FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka I, starfsemi A, lið 6.5. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka I, lið 6.5. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna frávika eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 3. september 2036. Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála.

Með gildistöku þessa starfsleyfis fellur úr gildi eldra starfsleyfi fyrir verksmiðjuna sem Umhverfisstofnun gaf út 19. mars 2015.

Reykjavík 3. september 2020

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Sigurður Ingason
sérfræðingur

Viðauki

Yfirlit yfir skiladaga

Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Gr. 1.5: Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila þegar ákvörðun liggur fyrir þannig að taka megi út frágang.
- Gr. 1.5: Við lok rekstrar skal rekstraraðili tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar (varðandi frágang) innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur.
- Gr. 4.2: Eigi síðar en í árslok 2021 skal mæla hávaða frá verksmiðjunni. Mælingin skal gerð þegar verksmiðjan er í fullri starfsemi og miðast við það hvort fylgt sé kröfum í gr. 3.19.
- Gr. 4.4: Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.
- Gr. 4.5: Eftirlitsmælingum í gr. 4.2 skal skilað með umhverfisupplýsingum í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald og reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Skila skal niðurstöðum umhverfisupplýsinga fyrir 1. maí ár hvert.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

Fylgiskjal

Greinargerð vegna vinnslu starfsleyfis fyrir Síldarvinnsluna hf. Neskaupstað

1. Almenn

Fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar hf. í Neskaupstað er starfsleyfisskyld starfsemi hjá Umhverfisstofnun og starfsleyfi þetta nær eingöngu yfir rekstur hennar.

Starfsleyfið er gefið út núna vegna fyrirætlana um stækkun fiskimjölsverksmiðjunnar að Naustahvammi 67-69 í Neskaupstað sem kallaði á að auka þyrfti framleiðsluheimildir í starfsleyfi.

Verksmiðjan fellur undir lög nr. 7/1998 í viðauka I, lið 6.5. Starfsemin er auk þess flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka I, lið 6.5. Hér er um að ræða samræmda flokkun vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2010/75/ESB um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun). Eftir móttöku greinargerðar frá umsækjanda, var ákveðið að fallast á það sjónarmið sem þar kom fram að ekki þyrfti að gera grunnástandsskýrslu um jarðveg og grunnvatn í þessu máli.

2. Umsagnir/athugasemdir við starfsleyfistillöguna

Starfsleyfistillaga var auglýst opinberlega á vefsíðu Umhverfisstofnunar á tímabilinu 28. maí til og með 25. júní 2020 og gafst á þeim tíma tækifæri til að koma með athugasemdir áður en ákvörðun um útgáfu starfsleyfisins yrði tekin. Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Fjarðabyggð var sérstaklega gert viðvart um fram komna starfsleyfistillögu. Á vefsvæði Fjarðabyggðar var í kjölfarið vakin athygli á því að tillagan væri í auglýsingu.

Engar athugasemdir eða umsagnir bárust á auglýsingatíma.

3. Breytingar frá auglýstri tillögu

Í starfsleyfið var bætt ákvæðum sem lúta að því að fylgjast þarf með því hvort rekstraraðili falli undir viðskiptakerfi ESB með loftslagsheimildir.

4. BAT niðurstöður hjá fiskimjölsverksmiðjum

Fiskimjölsverksmiðjur falla undir ákvæði um samræmdar BAT niðurstöður sambærilegar þeim framkvæmdarákvörðunum um bestu aðgengilegu tækni sem innleiddar eru í 6. gr. reglugerðar nr. 935/2018. Vinna við þetta er komin af stað og fyrsta skrefið í því ferli var startfundur hjá Evrópsku IPPC skrifstofunni í júní 2019. Nokkur ár kunna þó að líða þar til niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni verða endanlega gefnar út. Þær kröfur um mengunarvarnir sem kunna að koma fram þegar því ferli lýkur munu verða innleiddar á Íslandi og látnar gilda um þennan rekstur eins og annan rekstur sem undir þessar niðurstöður fellur á Íslandi, jafnvel þó að þær kröfur kunni að ganga lengra en þær sem fram koma í þessu starfsleyfi. Gangi þær skemmra er samt sem áður ekki fyrirhugað að draga úr kröfunum sem fram koma í starfsleyfinu.

5. Upplýsingar varðandi lög um mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun fékk tilkynningu frá rekstraraðila um fyrirhugaða framleiðsluaukningu verksmiðjunnar þann 5. nóvember 2018. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna var það niðurstaða Skipulagsstofnunar þann 14. janúar 2019 að framleiðsluaukning fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. Neskaupstað sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin var því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Meðal þess sem kom fram í gögnum framkvæmdaraðila var að stærri verksmiðja myndi draga úr lykt þar sem vinnsla stórra farma myndi taka styttri tíma. Umhverfisstofnun lagði áherslu á það í umsögn sinni um málið að afkastageta frárennslis og lyktheydingarbúnaðar héldust í hendur við afkastagetu verksmiðjunnar og tók framkvæmdaraðili undir það og hyggst m.a. endurskipuleggja frárennslislagnir með tilliti til þessa. Umhverfisstofnun telur að matsferlið hafi verið góður grundvöllur að veitingu starfsleyfis.

6. Skipulagsmál hjá Fjarðabyggð

Lítilsháttar breytingu þurfti að gera á deiliskipulagi Fjarðabyggðar vegna stækkunarinnar og var hún auglýst í Stjórnartíðindum (auglýsing nr. 794/2020). Breytingin felst í að lóð Naustahvamms 67-69 stækkar úr 19.246 m² í 21.276 m².

7. Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir

Samkvæmt 5. mgr. 8. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál skal Umhverfisstofnun tryggja samræmda málsmeðferð við útgáfu losunarleyfa og starfsleyfa samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Upplýsingar um heildarnafnvarmaafli starfsstöðvar kunna því að koma til skoðunar í eftirliti þannig að ákvarða megi hvort rekstraraðili muni falla undir viðskiptakerfi ESB, sbr. gr. 4.1 í starfsleyfinu.

8. Gildistaka

Starfsleyfið er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Það öðlast þegar gildi og gildir til 3. september 2036.